

✉ Re: 1411002 - Ósk um umsögn – lýsing að breytingu aðalskipulags

Búið til	18.5.2022 13:53:15
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	18.5.2022 13:53:15
Tilheyrir	 202205-0010 - Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, fyrir Víðines í landi Hreðavatns.

Efni

Re: 1411002 - Ósk um umsögn – lýsing að breytingu aðalskipulags

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	18.5.2022 13:53:15	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@borgarbyggd.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202205-0010 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 5. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Breytingin varðar jörðina Víðines í landi Hreðavatns þar sem áætlað er að frístundabyggð (F51) verði breytt í íbúðarbyggð. Áætlað er að breytingunni fylgi heimild á að rísa íbúðarhús allt að 350 m² á hverri lóð en þær eru alls 24 talsins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma með eftirfarandi ábendingar:

Í dag eru sex frístundahús risin á svæðinu. Áætluð uppbygging felur því í sér mikla aukningu á mannvirkjum þ.e. byggingum, vegum o.fl. Mikil ásjáðarbreyting mun fylgja uppbyggingunni og skoða þarf vandlega hver umhverfisáhrifin verða.

Í lýsingunni er greint frá náttúrufari svæðisins og þar kemur fram að helstu vistgerðir séu kjarrskógavist og lynchraunavist og er sú fyrrnefnda með hátt verndargildi. Þá er Grábrókarhraun á skipulagssvæðinu en það er um 3400 ára gamalt og fellur undir sérstaka vernd 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og er

einnig á C-hluta náttúruminjaskrár.

Verndargildi náttúru svæðisins er því töluvert hátt. Þar bætast við landslags- og útivistargildi, sem og nálægð við Norðurá, umhverfi hennar og lífríki. Ljóst er því að mikilli uppbyggingu mun fylgja rask á umhverfi og náttúruminum með hátt verndargildi. Mikilvægt er að við framkvæmd aðalskipulagsbreytingarinnar sé lagt mat á hversu mikla uppbyggingu svæðið þolir og horft sé til þess að hlífa eins mikið og mögulegt er hrauni, birkikjarri og næsta nágrenni Norðurár við raski. Þá þarf að meta vandlega hættu á að mengun frá byggðinni berist í Norðurá.

Náttúrufræðistofnun telur að skipulag íbúðarbyggða með 24 lóðum á þessu svæði feli í sér töluverða áhættu á að óafturkræft og umfangsmikið rask verði á svæðinu með neikvæðum áhrifum á náttúrufar, landslag og umhverfi. Það hefur einnig áhrif á gildi svæðisins til útivistar. Skoða ætti umfangsminni tillögur fyrst áður en leyfi er veitt fyrir svo mikilli uppbyggingu á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>
Subject: 1411002 - Ósk um umsögn – lýsing að breytingu aðalskipulags
Date: 5.5.2022 12:13:28

Góðan dag

Efni: **Víðines, Borgarbyggð** – skipulagslýsing

Varðar umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti fyrir sitt leyti skipulagslýsingu að breytingu aðalskipulags fyrir Víðines í landi Hreðavatns í Borgarbyggð til auglýsingar á fundi sínum nr. 225 þann 13. apríl 2022.

Skipulagslýsingin var auglýst í Skessuhorni þann 4. maí 2022. Þá liggur skipulagslýsing fyrir til kynningar í Ráðhúsi Borgarbyggðar. Skipulagsauglýsingin er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is (<http://www.borgarbyggd.is>)

Óskað er umsagnar skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnafrestur er til og með **18. maí 2022**.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.

Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:

Skipulagslýsing dags. 09.03.2022

Bestu kveðjur / Best regards

Þóra Júlíusdóttir

Verkefnastjóri skipulags- og byggingardeildar

+354 433-7100

thora.juliusdottir@borgarbyggd.is (<http://@borgarbyggd.is>) / www.borgarbyggd.is

(<http://www.borgarbyggd.is/>)

www.facebook.com/borgarbyggd (<http://www.facebook.com/borgarbyggd>)

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.

Viðhengi

image001.png (5 KB)